



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Furuskógur



### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

Leiðarljós Furuskógar .....	4
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024.....	6
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	8
4 Innra mat deilda 2023-2024 .....	9
<b>4.1 Innra mat á Birkilundi:</b> .....	9
<b>4.2 Innra mat á Dvergasteini:</b> .....	18
<b>4.3 Innra mat á Álfasteini:</b> .....	23
<b>4.4 Innra mat á Huldusteini:</b> .....	30
<b>4.5 Innra mat Skógarlunda</b> .....	35
5 Innra mat sérkennslu.....	39
6 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn .....	41
7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	43
8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	45
9 Foreldrasamvinna .....	46
10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	46
11 Fylgiskjöl .....	47
<b>11.1 Umsögn foreldraráðs</b> .....	47

## Leiðarljós Furuskógar

*Við höfum kærleika og faglega umhyggju að leiðarljósi í uppeldi og menntun barna, sem stuðlar að því að börnin þrói með sér jákvæða sjálfsmynd. Sérstaða og sjónarmið hvers einstaklings eru virt, og stuðlað að því að börnin verði fær um að lifa og starfa á farsælan hátt í samfélagi við aðra menn og umhverfi sitt.*



### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Við höfum nýtt skólaár með krafti og fórum í námsferð til Húsavíkur um vorið.

Starfsmannahópurinn skoðaði leikskólann Grænuvelli á Húsavík sem leggur áherslu á jákvæðan aga og fengum við góðar móttökur. Þá var ákveðið að prófa ýmislegt sem við kynntumst þar sem dæmi aukin hlutverk barna í daglegu starfi.

Á fyrsta skipulagsdegi skólaársins í lok ágúst fenguð við fyrirlestur um tengslareikning. Lilja Ýr Halldórsdóttir hegðunarráðgjafi var með kynningu á þessari samskiptaleið, sem okkur finnst falla vel að jákvæðum aga. Ákveðið var að innleiða þessa aðferð inn á allar deildir, þar sem skráning fór fram.

Okkur hafði gengið ágætlega að ráða í lausar stöður um haustið. Við fengum nýjan deildarstjóra á elstu deildina í Furuskógi við Áland. Í haust var staðan frekar snúin þar sem allur starfsmannahópur á Skógarlundi var nýr með ólíka reynslu.

Húsnæðismálin hafa reynst okkur erfið en það kom í ljós í vetur eftir að sýnataka í húsnæði leikskólans við Áland, sem hafði verið í miklu endurbótum vegna gruns um myglu áður, kom ekki nógu vel út. Það var ákveðið að loka því húsnæði í tvo daga í kringum skipulagsdag sem á skóladagatalinu og fara í allsherjar þrif og taka endurtaka sýnatöku.

Við gripum tækifærið og nýttum þessa auka daga til þessa vera með nýliðafræðslu fyrir starfsmannahópinn sem starfar í Furuskógi við Áland. Í hópnum er hátt hlutfall af starfsfólki með stutta starfsreynslu. Deildarstjórar, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjórar, og leikskólastjóri tóku saman fræðslupakka fyrir starfsmannahópinn, þar sem unnið var með útinám, tengslareikning, samverustundir, ferilmöppur og málörvun.

Á skipulagsdeginum 24. nóvember fengum við Kristínu Hildi Ólafsdóttur, verkefnastjóra fagskrifstofu leikskólamála, með fyrirlestur um aðalnámsskrá leikskóla þar sem hún kynnti nýju kaflana. Eftir hádegi tók við hópefli starfsmannahópsins.

Í vor fór hluti af starfsmannahópnum í námsferð til Alicante. Endurmenntunarferðir skipulögðu ferðina fyrir okkur, ásamt góðri ferðanefnd. Fræðslan saman stóð af Leikur að læra námskeiði,

skólaheimsókn og núvitundarnámskeiði. Hópurinn sem var heima fór í heimsókn í leikskólann Ösp og kynnti sér hvernig unnið er með málörvun í daglegu starfi með ýmsum leiðum.

Í maí var Menntastefnumót fyrir leik- og grunnskóla og frístundaheimili í Reykjavík. Við tókum þátt í sameiginlegri fræðslu fyrir hádegi. Eftir hádegi vorum við með kynningu í Vogaskóla fyrir starfsfólk SFS í skólahverfinu okkar. Við kynntum útinám, Lubbi finnur málbein verkefni og þema verkefni yngstu barna um Sjávarlíf. Okkar fólk stóð sig vel og gestirnir voru mjög áhugasamir.

Þegar ég lít til baka yfir skólaárið er ég ánægð. Það er margt sem er góðri leið og í stöðugri þróun. Margt hefur áunnist og mörg spennandi verkefni handan við hornið eins og skólanámskrágerð út frá nýjum köflum í aðalnámskrá, þar sem áherslan er á leikinn og hlutverk starfsfólks. Mér finnst nýju farsældarlögin og BBB (Betri borg fyrir börn) hafa skilað okkur faglegri vinnubrögðum og betri þjónustu við börn og fjölskyldur í okkar hverfi. Aðstæður leikskólanna hafa líka breyst og þar eru fleiri áskoranir sem við munum halda áfram mæta eftir okkar bestu getu.

Ingibjörg Brynjarsdóttir,  
leikskólastjóri

## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

### Innra mat

<b>Hvað var matið?</b>	Það sem var matið var stjórnun, nám og námaðstæður. Uppeldi, menntun og starfshættir, Leikur nám-lýðræði, jafnrétti og
<b>Hvernig fór matið fram?</b>	Fyllt var út í gátlista fyrir innra mat samkvæmt áætlun um langtíma mat og gátlista menntastefnu Reykjavíkurborgar
<b>Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)</b>	Starfsfólk
<b>Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)</b>	Flestir þættir eru góðu lagi. Það sem krefst úrbóta er skólanámskrá. Mat barnanna og aðkoma þeirra að ákvörðunum um skipulagningu leikskólastarfsins.

### Ytra mat

<b>Hvað var matið?</b>	
<b>Hvernig fór matið fram?</b>	Viðhorfskönnun sem var gerð í nóvember 2023
<b>Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)</b>	Allt starfsfólk Furuskógar var hvatt til þess að svara viðhorfskönnun sem fór fram í nóvember.

**Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)**


**Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir**

**Leikskólinn Furuskógur**

**Hæstu 5**



**Lægstu 5**



**Styrkleikar:** Það er ánægjulegt að sjá að starfsfólki Furuskógar líði vel í vinnunni eins og fimm hæstu einkunnir sýna. Við munum halda áfram á þessari braut og gera starfsumhverfið enn þá skýrara og upplýsa starfsfólk betur um væntingar til þeirra og skyldur.

**Tækifæri til umbóta:** Eins og kemur fram í viðhorfskönnun starfsfólks er nauðsynlegt að bæta starfsumhverfi leikskólans. Það er aðallega hljóðvist og aðstöðuleysi. Við munum fara í þá vinnu á næsta skólaári.

### 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni eru aðrir en þeir þættir sem deildir leikskólans eru að meta.

Stjórnun-mannauður/leikskólabragur-innra mat	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(s.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Skólanámskrá.</li><li>• Móttaka nýrra starfsmanna.</li><li>• Starfsmannahandbók</li><li>• Útinám</li><li>• Virkja 12. og 13. grein barnasáttmálans</li></ul>
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Ný skólanámskrá Samræma aðferðir við móttöku nýrra starfsmanna með móttökuáætlun Útbúa starfsmannahandbók. Útinám
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Allt starfsfólk komi að vinnu við námskrágerð á skipulagsdögum . Móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk. Stjórnendur setji saman móttökuáætlun. Starfsmannahandbók. Stjórnendur útbúa handbók. Að útinámsstundir verði inn í skipulagi allra deilda. Byrjum á að fá leiðsögn um útinám á skipulagsdegi í ágúst.
<b>Ábyrgð</b>	
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Í ágúst og lok maí. Í ágúst- áramót Í ágúst -maí Í ágúst-
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Skráningar Gátlistar
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Ný skólanámskrá Aðferðir við móttöku nýrra starfsmanna eru samræmdar og skila árangri við móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna. Starfsmannahandbók með öllum helstu upplýsingum sem starfsmenn þurfa á að halda. Markvisst útinám er virkt á öllum deildum.



## 4 Innra mat deilda 2023-2024

### 4.1 Innra mat á Birkilundi:

Í vetur voru 16 börn fædd árið 2021 og 2022 á Birkilundi.

**Heilbrigði:** Hugarfrelsi, festa í dagskipulag


Við á Birkilundi leggjum mikla áherslu á vellíðan barna bæði andlega og félagslega. Við förum daglega, einu sinni til tvisvar út í garð þar sem börnin geta hreyft sig, klifrað, hlaupið, hjólað o.s.frv. Einnig förum við reglulega í útinám til að auka þol og úthald þeirra. Í haust 2020 byrjuðum við að innleiða aðferðir Hugarfrelsisins um núvitund og slökun.

- **Styrkleikar:** Þessir aðferðir geta hjálpað börnunum að róa sig og stuðlað að betri einbeitingu.

Þrátt fyrir að við höfum sett okkur það markmið í síðustu umbótaáætlun að fara í reglulega og skipulagða hugarfrelsistíma höfum við ekki framkvæmt það. Við byrjuðum að nota öndunar- og slökunaraðferðir en unnum ekki nógu markvisst með það. Niðurstaða deildarstarfsmanna var sú að skipuleggja þurfi betur hugarfrelsistíma og festa þá í dagskipulaginu en á sama tíma að innleiða þá í litlum skrefum. Þess vegna ákváðum við að byrja samverustundir á slökunaröndun og bætum svo við fleiri aðferðum þegar við höfum tileinkað okkur hana. Þó sum okkar hafi byrjað að nota hugarfrelsisaðferðir í samverstundum og söngstundum eru ekki allir starfsmenn deildarinnar búnir að tileinka sér það.

- **Tækifæri til umbóta:** Höldum áfram að innleiða hugarfrelsistíma í litlum skrefum.



Umbótaáætlun fyrir skólaár 2024/2025							
UMBÓTATTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbótar	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgðaraðili	Hefst	Lokið	Endurmat: hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvenær hefst og hvenær lokið?		Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og / eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
 Heilbrigði Innleiðing á Hugarfrelsi	Markviss innleiðing á Hugarfrelsi og virkni allra starfsmanna í litlum skrefum.	Skipuleggja dagskipulagið þannig að æfingar úr bókinni Hugarfrelsisins verða komin inn í daglegt starf.	Allir starfsmenn á deild.	Í júní 2024	Í maí 2025	Á deildarfundum verður endurmetið hvernig framkvæmdin hefur gengið. Í foreldraviðtölum að hausti og vori verður rætt hvort börnin séu búin að gera einhverjar æfingar líka heima. Börnin verða spurð í viðtali um líðan þeirra í hugarfrelsistímum.	Börnunum líður vel í hugarfrelsistímum og eru byrjuð að nota æfingar. Aðferðir um slökun og núvitund eru kominar inn í daglegt starf.

### Sjálfsöfning:

Á Birkilundi leggjum við mikla áherslu á að skapa námsumhverfi sem mætir börnunum á forsendum þeirra þar sem þau geta eftt sjálfsöryggi og sjálfstæði, við hrósum og hvetjum þau í mismunandi aðstæðum, eins og að æfa sig að klæða sig sjálf í og úr útifötum, leysa verkefni og viðfangsefni á eigin spýtum (púsla, perla, byggja o.s.frv.) svo eitthvað sé nefnt.

- **Styrkleikar:** Þannig „öðlist [börnin] trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika“<sup>1</sup> og örva á sama tíma sjálfsmynd sem er meðal annars grundvöllur til að geta tekið „sjálfstæðar og ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra“<sup>1</sup>.

Í matartímum er hægt að styrkja allskonar færni: Málörvun með því að spjalla til dæmis um hvað er í matinn, samhæfing með því að borða með hnifapörum eða félagsfærni með því að hlusta og virða aðra eða biðja um meira. Í Skólanámskrá<sup>2</sup> er þátturinn matartími ekki tekinn beint fram. Við sjáum tækifæri

<sup>1</sup> Reykjavíkurborg. (e.d.). Menntastefna til 2030 – Látum draumana rætast. Sótt af <https://reykjavik.is/menntastefna-til-2030-lat-um-draumana-raetast>

<sup>2</sup> Leikskólinn Furuskógur. (2016). *Skólanámskrá*. Sótt af <https://view.publitas.com/p222-7954/furuskogur-skolanamskra/>

til að styrkja nemendasjálftæði með því að bæta ábyrgð barna<sup>3</sup> en er það einnig eitt markmið sem er lýst í aðalnámskrá leikskóla<sup>4</sup>. Í menntastefnu Reykjavíkurborgar<sup>5</sup> er talað í þessu samhengi um sjálfsefningu. Í haust sköpuðum við tækifæri í matartímum: Börnin skömmtuðu sér sjálf meðlæti á diskinn og fengu hníf til að skera matinn sinn en fengu auðvitað aðstoð þegar þau þurfa á því að halda. Eftir að börnin voru búin að klára máltíðina sína skiluðu þau glasinu sínu á matarvagninn og fóru sjálf inn á baðherbergi til að þvo hendurnar. Svo komu þau til baka í sæti sitt en máttu sækja sér bók til að stytta sér biðtímann. Þetta var hægt og rólega innleitt og fór eftir þroska barna. Börnin sjá okkur kennarana daglega að skammta matinn og skera matinn með hníf, ganga frá eftir matartímann en það er ekkert nýtt fyrir þeim og þau vita hvernig rúttínan er í matartímanum. Þannig eiga þau reynslu af því en samkvæmt kenningum John Dewey<sup>6,7</sup> fer allt nám fram í gegnum reynslu. Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir<sup>8</sup> minna á kenningu Bernsteins sem krefst að börnum þurfi að finnast þau tilheyra og fá að leggja sitt af mörkum og gera það með því að ná tökum á nýjum áskorunum og finna fyrir því að þeim er treyst til þess. Þó sum okkar sem vinna á Birkilundi hafa byrjað að skapa þessi tækifærin í matartímum eru ekki allir starfsmenn deildarinnar búnir að tileinka sér það.

#### Tækifæri til umbóta:

- Höldum áfram að styrkja nemendasjálftæði með því að bæta ábyrgð barna.

---

<sup>3</sup> Björk Pálmadóttir. (2018). „Þú getur ekki sagt að þetta sé leiðinlegt því þú ákveður hvað þú ert að gera.“ Ferilmöppur – leið til að efla sjálftæði og ábyrgð nemenda. *SKÓLAPRÆÐIR: Tímarit samtaka áhugafólks um skólapróun*.

<https://skolathraedir.is/2018/09/06/thu-getur-ekki-sagt-ad-thetta-se-leidinlegt-thvi-thu-akvedur-hvad-thu-ert-ad-gera-ferilmoppur-leid-til-ad-efla-sjalfstaedi-og-abyrgd-nemenda/>

<sup>4</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011 /2011.


<sup>5</sup> Menntastefna Reykjavíkurborgar. (e.d.). *Um Menntastefnu*. <https://menntastefna.is/um-menntastefnu/>


<sup>6</sup> Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (frumútgáfa 1938).

<sup>7</sup> Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Reynsla og nám barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 57-72). RannUng.

<sup>8</sup> Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2016). Velliðan barna í leikskóla - samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar). *Leikum, lærum, lifum. Námsgvið leikskóla og grunnþættir menntunar* (bls. 31–56). RannUng og Háskólaútgáfan.

Umbótaáætlun fyrir skólaár 2024/2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgðaraðili	Hefst	Lokið	Endurmat: hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmuðum við það?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvenær hefst og hvenær lokið?		Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og / eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
 <p>Sjálfsélfing barna í matartímum</p>	Styrkja nemendana sjálfstæði með því að bæta ábyrgð barna.	Börnin skila glasinu sínu á matarvagninn og fara sjálf inn á baðherbergi til að þvo hendurnar. Svo koma þau til baka í sæti sitt en mega sækja sér bók til að stytta sér biðtímann.	Allir starfsmenn á deild.	Strax í júní 2024	maí 2025	Á deildarfundum verður endurmetið hvernig framkvæmdin hefur gengið, meðal annars hvernig og hvort við tökum eftir því að börnin vaxi með aukna ábyrgð. Í foreldraviðtölum á hausti og vori verður í rætt hvort börnin sé búin að bæta sig í sjálfshjálpi sem og í spjalli við þau í fataklefa. Börnin verða spurð í viðtali um líðan þeirra í matartímum.	Börnunum líður vel í matartímum og sýna ábyrgð og sjálfstæði.

<p>Sjálfséfling</p>  <p>Sjálfséfling barna í matartímum</p>	<p>Styrkja nemend a-sjálfsstæði með því að bæta ábyrgð barna.</p>	<p>Börnin skammta sér sjálf meðlæti á diskinn og fá hníf til að skera matinn sinn en fá auðvitað aðstoð þegar þau þurfa á því að halda.</p>	<p>Allir starfsmenn á deild.</p>	<p>Stra x í júní 2024</p>	<p>maí 2025</p>	<p>Á deildarfundum verður endurmetið hvernig framkvæmdin gekk og gengur, meðal annars hvernig og hvort við tökum eftir því að börnin vaxi með aukinni ábyrgð. Í foreldraviðtölum á hausti og vori verður í rætt hvort börnin sé búin að bæta sig í sjálfshjálpi sem og í spjalli við þau í fataklefa. Börnin verða spurð í viðtali um líðan þeirra í matartímum.</p>	<p>Börnunum líður vel í matartímum og sýna ábyrgð og sjálfstæði.</p>
--	---	---	----------------------------------	---------------------------	-----------------	--	--

### Félagsfærni:

Á Birkilundi leggjum við mikla áherslu á jákvæð samskipti og að kenna börnum vinafærni, til dæmis með því að nota orðin í samskiptum, sýna hvert öðru virðingu, geta deilt hlutum og geta leikið saman.

- **Styrkleikar:** Í menntastefnu til 2030 – látum draumana rætast<sup>9</sup> er tekið fram að virk þátttaka barna í daglegu lýðræðislegu leikskólastarfi ýti undir þroska á félagsfærni þeirra.

Vorið 2023 fórum við í námsferð og skoðuðum Leikskólann Grænuvelli á Húsavík. Þar kynntumst við starfinu hjá þeim og meðal annars vakti hlutverk barna í daglegu leikskólastarfi áhuga okkar. Við


<sup>9</sup> Reykjavíkurborg. (e.d.). Menntastefna til 2030 – Látum draumana rætast. Sótt af <https://reykjavik.is/menntastefna-til-2030-lat-um-draumana-raetast>

sáum því tækifæri á að auka sjálfstæði barna og virkni þeirra í að verða þátttakendur í mótun leikskólasamfélagsins, með því að innleiða og auka hlutverk barna í daglegu leikskólastarfi okkar.

- **Tækifæri til umbóta:** Styrkja nemendasjálfstæði og félagsfærni með því að auka hlutverk barna í daglegu leikskólastarfi okkar (umsjónarmenn: dótastjórar, þjónar, garðstjóri, veðurstjóri).



Umbótaáætlun fyrir skólaár 2024/2025

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgðaraðili	Hefst	Lokið	Endurmat: hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvenær hefst og hvenær lokið?		Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og / eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
 <p>Félagsfærni barna í daglegu leikskólasterfi</p>	Styrkja nemendana sjálfstæði með því að bæta ábyrgð barna.	Börnin sinna til skiptis auka hlutverkum í daglegu leikskólasterfið sem umsjónarmenn eina viku í senn.	Allir starfsmenn á deildinni.	stra x í maí 2024	Maí 2025	Á deildarfundum verður endurmetið hvernig framkvæmdin gekk og gengur, meðal annars hvernig og hvort við tókum eftir því að börnin vaxi með aukinni ábyrgð og hlutverki. Í foreldraviðtölum á hausti og vori verður í rætt hvort börnin sé búin að bæta sig í sjálfshjálpi sem og í spjalli við þau í fataklefa. Börnin verða spurð í viðtali um líðan þeirra í þessum hlutverkum.	Börnnum líði vel í að sinna hlutverki sem umsjónarmenn og sýna ábyrgð og sjálfstæði.

## Félagsfærni, læsi og sjálfsefning:

Á Birkilundi eru yngstu börnin leikskólans og mörg þeirra ekki komin með fullt vald á tungumálinu. Einnig sækja nokkur tvítýngd börn námið hjá okkur með íslenskukunnáttu á öllum stigum, sem sagt frá því að tjá sig lítið í að vera altalandi. Ásgerður og Sigrún (2018)<sup>10</sup> tala hér um sjónrænt dagskipulag sem er gagnlegt tól fyrir öll börn.

- **Styrkleikar:** Sjónrænt dagskipulag getur hjálpa börnum að lesa í umhverfið sitt, skilja dagskipulagið, hvað kemur og hvað gerist næst. Með því aukum við einnig orðaforða og skilning barnsins. Auk þess getur það veitt barninu öryggi og ýtt undir nemendasjálfstæði.<sup>11</sup>

Því ákváðum við starfsmenn á Birkilundi að setja upp sjónrænt dagskipulag til þess að auðvelda öllum börnum námið í leikskólanum. Einnig setur veðurstjóri upp myndir af þeim fatnaði sem þau þurfa að fara í þann daginn. Með þessu geta elstu börnin átt auðveldara með að sækja fötin sín og klæða sig.

- **Tækifæri til umbóta:**
  - Við setjum upp sjónrænt dagskipulag við hvert borð sem og sjónrænt skipulag varðandi fatnað í fataherberginu.






<sup>10</sup> Ásgerður Ólafsdóttir og Sigrún Hjartardóttir. (2018). Verkfærakista (Toolkit): Hagnýt ráð um kennslu nemenda á einhverfurófi. Sótt af 10 október 2018 af [https://www.einhverfa.is/static/files/skrar/verkfærakista-isl.-skil-5.2\\_.pdf](https://www.einhverfa.is/static/files/skrar/verkfærakista-isl.-skil-5.2_.pdf)

<sup>11</sup> Elín H. Hinriksdóttir og Drífa B. Guðmundsdóttir. (2015). Leikskólar og ADHD, 25 ráð og verkfæri. ADHD samtökin.



Umbótaáætlun fyrir skólaár 2024/2025

UMBÓTATTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgðaraðili	Hefst	Lokið	Endurmat: hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvenær hefst og hvenær lokið?		Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og / eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<p>Félagsfærni, Læsi og Sjálfsefling</p>   	Styrkja nemenda sjálfstæði, getu barna í að lesa í aðstæður og umhverfi sitt með því að bæta ábyrgð barna.	Við setjum upp sjónrænt dagskipulag við hvert borð sem og sjónrænt skipulag varðandi fatnað í fataherberginu	Allir starfsmenn á deildinni.	strax í maí 2024	maí 2025	Á deildarfundum verður endurmetið hvernig framkvæmdin hefur gengið, meðal annars hvernig og hvort við tókum eftir því að börnin vaxi með aukinni ábyrgð og hlutverki. Í foreldraviðtölum á hausti og vori verður í rætt hvort börnin sé búin að bæta sig í sjálfshjálpi sem og í spjalli við þau í fataherbergi. Börnin verða spurð í viðtali um líðan þeirra í þessum hlutverkum.	Börnunum líði vel í að sinna hinum ýmsum hlutverkum og sýna ábyrgð og sjálfstæði.

## 4.2 Innra mat á Dvergasteini:

Veturinn 2023-2024 voru 15 börn á Dvergasteini, fædd 2020, 2021 og 2022.

Í byrjun skólaárs var helsta markmið hjá Dvergasteini að hjálpa börnunum að aðlagast því að vera í leikskóla. Áhersla var lögð á að börnunum liði vel og finndu fyrir öryggi í leikskólanum, bæði í kringum starfsfólk og börn, lærðu félagsfærni og tækju þátt í ýmiskonar starfsemi sem boðið er upp á á Dvergasteini. Í vetur var markmið okkar á Dvergasteini að vinna með félagsfærni, sjálfshjálp, heilbrigði og útinám.

Þrjú aldurshópar voru á deildinni sem bjó til ákveðna áskorun fyrir starfið. Þessi vetur var mjög krefjandi en gekk mjög vel að finna starfsemi sem hentar öllum aldurs þroska. Ein aðferð sem notuð var til að bregðast við mismunandi aldurshópum á deildinni var að skipta samveru í tvennt (ein sem hentar yngri hópnum þar sem efnið var léttara og framkvæmt á styttri tíma og ein sem hentar eldri hópnum með aðeins erfiðari lesefni og framkvæmt á lengri tíma). Einnig var farið á bókasafnið með elstu börnin og var það mjög vinsælt. Við breyttum aðeins hvernig við unnum með Lubba á deildinni. Okkur fannst ekki henta að hafa ákveðna Lubbastund þar sem að krakkarnir sýndu því ekki áhuga. Ákvörðun var því tekin að hætta þeim og hafa frekar lögin í gangi þegar að börnin vildu og stundum skoðuðum við Lubba bókina. Þetta gekk mjög vel og sýndu börnin þessu meiri áhuga þegar þetta var gert á þeirra forsendum.

Í framhaldi af því byrjuðum við aðeins að minnka dagskipulag á deildinni til að auka flæði. Okkur fannst áhugavert að prófa það þar sem að við vorum með þrjú aldurshópa á deildinni. Við fundum strax mun á börnunum þar sem við tókum eftir að þau voru afslappaðri og ekki eins stressuð yfir daginn. Það skapaði rólegan anda á deildinni og var einnig minna stress hjá starfsfólki. Næsta vetur er hugmyndin að halda áfram að prófa okkur áfram í flæði og skrá hjá okkur árangurinn.

### Félagsfærni

Stór hluti af starfi á yngstu deild er að kenna börnum félagsfærni. Félagfærni leyfir einstaklingum að taka þátt í starfi á viðeigandi hátt og taka þátt í félagslegum aðstæðum. Í félagsfærni felast jákvæð samskipti, að nota orðin sín en ekki hendur í samskiptum, fylgja fyrirmælum og margt fleira. Í vetur höfum við haft félagsfærni í forgangi og hefur það gengið ágætlega. Við höfum verið mjög virk í að vera með börnunum í leik og fylgst með hvernig þau eru að leika sér. Þessi vetur hefur verið krefjandi þegar kemur að félagsfærni og höfum við starfsmennirnir lært mikið. Við höfum verið að tala mikið um tilfinningar við börnin til að auka tilfinningaþroska þeirra. Það hefur gengið ágætlega og finnst okkur börnin hafa bætt sig í að segja hvernig þeim líður.

## Styrkleikar

- Starfsmenn hafa verið mjög duglegir að vera í leik með börnunum sem gaf okkur tækifæri að aðstoða börnin þegar kemur að félagsfærni og þekkingu þeirra á tilfinningum.
- Við byrjuðum með einveruhorn þar sem að börnin gátu farið ef þau vildu vera ein og hvíla sig. Börnin tóku vel í þetta og hefur þetta verið mikið notað.
- Við höfum verið dugleg að tala um tilfinningar og börnin mjög áhugasöm þegar kemur að tilfinningum.

## Tækifæri til umbóta

- Að auka sjónræna félagsfærni kennslu eins og að hafa myndir á veggjum sem að börnin geta alltaf skoðað.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Félagsfærni</b> 	<b>Gera félagsfærni kennslu meira sjónræna fyrir börnin</b>	Hengja myndir á vegg tengt félagsfærni sem að börnin geta skoðað.	Allir starfsmenn deildarinnar	Sept	Maí	Deildarfundir nýttir til að taka stöðuna og ákveða hvort þurfi að endurnýja myndir.	Að auðvelda börnum að læra félagsfærni í gegnum sjónræna kennslu.
	<b>Auka þekkingu barnanna á tilfinningum og jákvæðum samskiptum</b>	Með því að nýta bækurnar „Little spot of emotions“. Lesið fyrir börnin og gerð verkefni með þeim.	Allir starfsmenn deildarinnar	Sept	Maí	Deildarfundir nýttir til að endurmeta, stýra og endurplana ferlið. Skrá niður hvenær er lesið og hvernig verkefni eru gerð.	Að börn séu fær um að tjá tilfinningar þeirra með orðum og öðlast færni í jákvæðum samskiptum.

## Heilbrigði

Eitt markmið sem sett var í seinustu umbótaráætlun var að auka slökun og núvitundaræfingar inn í starfið á deildinni. Það hefur ekki gengið nógu vel hjá okkur þar sem að barnahópurinn hafði lítinn sem engan áhuga á því að gera núvitundaræfingarnar.

### Styrkleikar

- Við höfum reynt að nota teygjuæfingar í samverum og fyrir mat. Það hefur vakið áhuga barnanna.

### Tækifæri til umbóta

- Hægt væri að auka slökunaræfingar í daglegu starfi og setja það inn í dagskipulagið.
- Gætum verið duglegri að kenna börnunum að nota slökunaræfingarnar þegar þau eru orðin æst í frjálsum leik. Þá geta þau gripið í þessar æfingar þegar þau vantar verkfæri til að slaka á.
- Nýta öndunaræfingar á spjöldunum frá hugarfrelsi og teygjuæfingar.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
 Heilbrigði	<b>Gera núvitundaræfingu frá hugarfrelsi a.m.k. 3 sinnum í viku.</b>	Með því að vera búin að ákveða hvaða núvitundaræfingu við ætlum að einblína á í hverri viku.	Allir starfsmenn deildarinnar	Sept	Maí	Nýta deildarfundir til að ákveða hvaða æfingar henta yngstu börnunum og hvernig hefur gengið.	Að börnin læri góða tækni til að stjórna tilfinningunum sínum í gegnum slökunaræfingar (frá hugarfrelsi).

## Útinám

Seinasta vetur var markmiðið að vera duglegri að skipuleggja útinámsferðir. Það hefur ekki gengið nógu vel en við höfum þó farið í þó nokkrar ferðir. Við fórum í fyrsta skipti með börnin á bókasafnið sem var mjög vinsælt og gekk mjög vel. Fyrir næsta ár er markmið að skipuleggja útinámsdag til að tryggja að farið verði í útinám a.m.k. einu sinni í viku. Ef ekki verður farið í útinám þá verður skoðað af hverju það var ekki farið. Búið verður til bók þar sem skrifa þarf hvert á að fara og hvernig heppnaðist.

## Styrkleikar

- Við undirbyggjum börnin vel áður en við lögðum af stað. Við töluðum um hvernig veðrið væri og hverju við þyrftum að klæðast. Við töluðum um hvert við værum að fara og hvað við þyrftum að gera til að passa upp á að halda hópinn.

## Tækifæri til umbóta

- Til að útinám virki þarf gott skipulag. Því gætum við á Dvergasteini búið í byrjun mánaðar til skipulag hvenær, hvert og hvað er gert og fjallað um í útinámi.
- Búa til möppu þar sem við skrifum um útinámið og hvað var gert. Með þessu getum við haldið utan um ferðirnar og börnin skoðað hvað þau eru búin að vera að gera í útinámi.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	<b>Að auka útinámsferðir með betri skipulagi</b>	Byrjun annar/mánaðar vera búin að skipuleggja útinámsferðir. Hvenær og hvert er farið.	Allir starfsmenn deildarinnar	Okt	Maí	Deildarfundir nýttir til að endurmeta, stýra og endurplana ferlið. Hafa möppu með upplýsingum um útinámsferðirnar.	Að börnin öðlist færni sem þarf í útinámi.

## Sjálfsfelling

Eitt af því sem við bættum við í daglegu rútnuna inni á Dvergasteini var meiri sjálfsfelling hjá börnunum. Það fól í sér að börnin gengu frá eftir sig í matartímum sem börnunum fannst mjög gaman og hjálpuðu okkur einnig að taka allan mat af borðunum, ná í tusku og þrifa borðin. Einnig eru börnin byrjuð að klæða sig meira sjálf í útiföt. Auk þjónsins bættum við ávaxtastjóra og hvíldarstjóra til að auka hlutverk barna inni á deild. Það var mjög vinsælt og gekk mjög vel. Stefnan næsta vetur er að bæta við hlutverkum. Við sjáum fyrir okkur að halda áfram næsta vetur að auka sjálfsfellingu til að auka sjálfstæði barnanna. Börnunum hefur fundist mjög gaman að fá að gera hlutina sjálf og sjáum við mikla framför hjá þeim.

### Styrkleikar

- Börnin hafa náð miklum framförum í sjálfshjálp og hafa mjög gaman af því að gera hlutina sjálf.
- Við höfum veitt börnunum tækifæri til að hjálpa sér sjálf.

### Tækifæri til umbóta

- Gefa börnunum tækifæri til að skammta sér sjálf í matartímum.
- Hafa hlaðborð þar sem að börn setja sjálf á diskinn og velja sér síðan sæti.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Sjálfsþing</b> 	<b>Leyfa börnum að skammta sér mat í hádeiginu.</b>	Hafa hlaðborð þar sem að börnin ná sér í mat og finna sér sæti.	Allir starfsmenn deildarinnar	Okt	Maí	Deildarfundir nýttir til að fara yfir hvernig gengur, hvað virkar og hvað virkar ekki.	Börnin fá fleiri hlutverk inni á deild. Börnin auki sjálfstæði.

### 4.3 Innra mat á Álfasteini:

Á Álfasteini voru 20 börn, 8 fædd 2019 og 12 fædd 2020.

Á þessu skólaári unnum við með vináttuna og fjölbreytileikann en leikskólinn er jafnframt með Regnbogavottun. Skólaárið hófst á því að fjalla um vináttu, hvernig við komum fram við hvort annað og að við erum ekki öll eins. Við spjölluðum um vináttu og fjölbreytileikann, lásum bækur um viðfangsefnið í samverustundum og sungum lög þar sem við meðal annars breyttum textum og sungum líka: Dúkkann hans Dóra, Ég heiti Lína Langsokkur og kraftajötunn er. Einnig höfum við verið að leggja inn máhljóð og hreyfingar *Lubba*, framsögn, form og tölustafi. Við kynnum eitt máhljóð í byrjun vikunnar í Lubbastund og vinnum með það út vikuna, auk þess að rifja upp hvað var í síðustu viku. Við útbjuggum Lubbahorn þar sem börnin geta verið með Lubba í leik, í spjalli eða samsíða því sem þau vilja gera. Í Lubbahorninu eru 6 Lubbar, málbein Lubba, tákni Lubbahljóða, leggir og skeljar, verðlaust efni og myndir af fjölbreytilegu fólki. Við færðum Lubbahornið eftir áramót og settum upp skyntjald til að búa til aðstöðu þar sem börnin geta farið og hvílt sig á, þ.e.a.s. ef þau vilja hvíla sig á hávaða inni á deild, jafna sig eftir ágreining eða finna ró. Þá geta þau beðið kennara um að fá að fara í tjaldið.



Við höldum áfram að vinna með Hugarfrelsi, mest fór fram í útináminu þar sem við gerðum slökunaræfingar, teygjur og hlustuðum á kyrrðarsögur. Á fimmtudögum eftir hádegi var Hugarfrelsisstund/kyrrðarstund í litlum hópum í 20 mínútur þar sem fram fór slökun/núvitund. Það stóð til að vinna með nýjan styrkleika í hverjum mánuði en ekki hefur gengið vel að leggja þá inn.

Við fórum tvisvar á Árbæjarsafnið með börnin og níu sinnum á bókasafnið í sögustund hjá Rut í Kringlubókarsafninu. Við fengum leiðsögn á útskriftarsýningu nemenda úr Listaháskóla Íslands og fórum á Ásmundarsafn.

## **Umbótaáætlun sýnileg**

Ákveðið var haustið 2023 að hafa umbótaráætlunina sýnilega, sú ákvörðun gleymdist alveg. Því var ákveðið eftir áramót að setja umbótaráætluna inn í dagbók sem notuð er daglega. Þar verður hún áfram.

- **Styrkleikar:** Umbóta áætlunin er þá staðsett í bók sem við notum daglega og er sýnileg fyrir okkur á deildinni og er hún komin til að vera þar.

## **Styrkleiki mánaðarins**

Eins og kemur fram ofar í skýrslunni, þá gekk ekki sem skyldi að vinna með styrkleika mánaðarins. Meðal annars kom það upp á deildarstjórafundi þegar spurt var hvernig gengi inni á deild og var þá ákveðið að rýna aðeins í þau orð/styrkleika sem voru valin og finna ný sem væru kannski barnvænni á næsta starfsdegi.

- **Tækifæri til umbóta:** Ekki gekk að muna eftir styrktar orði jafnvel þótt við skrifuðum það á tússtöflu og höfðum sýnilegt fyrir kennara. Skoða þarf framhald á vinnu með styrkleika í samtali með öðrum deildum, en Álfasteinn leggur til að ekki verði lögð frekari áhersla á þessa vinnu að svo stöddu.


## **Reglur**

Að leyfa börnunum á deildinni að búa til reglur fyrir deildina var einnig í umbótaáætlun en gleymdist alveg að framkvæma. Annað hvort er að sleppa því alveg eða setja upp plan fyrir það sem þarf að gera í byrjun haustannar.

- Tækifæri til umbóta:** Aftur gekk þetta illa og tekin ákvörðun um að leggja verkefnið til hliðar að sinni.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Lubbahorn</b>  <b>Félagsfærni</b>	Eftir að við færðum Lubbahornið minnkuðu vinsældir þess og þess vegna þarf að finna betri eða sama stað fyrir það.	Starfsfólk skoðar uppsetningu deildar eftir opnun sumarfrís eða byrjun skólaárs og finnur góða stað fyrir það.	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í ágúst/sept. 2024	Í maí 2025	Deildarfundir til að meta og ræða um hvar hornið á að vera og hvað meira er þar. Hvernig gengur.	Lubbahornið ýti undir sjálfsprottinn leik vonandi með Lubba þema.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Sjálfsprottinn leikur</b>  <b>Félagsfærni</b>	Starfsfólk deildar er opið fyrir og hvetjandi þegar börn fara í sjálfsprottinn leik.	Starfsfólk er meðvitað um að það stýri ekki börnum í leik en eru þátttakendur.	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í sept. 2024	Í maí 2025	Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur.	Starfsfólk deildar leyfir börnunum að vera þau sjálf á eigin forsendum.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Skyn tjald</b>  <b>Félagsfærni</b>	Staðsetning skoðuð og skyndót keypt til að nota í tjaldinu. Búa til reglur fyrir skyntjaldið.	Starfsfólk er meðvitað um að passa fjölda af börnum í tjaldinu og leiðbeina börnum á jákvæðan hátt í þessu ferli.	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í sept/okt. 2024	Í maí 2025	Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur. Skráning: Ljósmyndir og myndbönd	Börnin læri að þau hafi stað til að slaka á og slappa af í dagskipulaginu þegar þeim finnst þau þurfa þess.

## Innra mat Grenilundar

Á Grenilundi eru börnin 21. Að þessu sinni vorum við með tvo árganga sem að urðu síðan þrír þegar leið á veturinn. Mannauðurinn samanstóð af einum leikskólakennara og fjórum starfsmönnum, tveir af þeim með annað móðurmál en íslensku.

Við unnum að tveimur þemaverkefnum, fyrir valinu var Alli Nalli og tunglið síðan völdum við Fíu Sól. En Fíu Sól var sýnd í Borgarleikhúsinu. Einnig fengum við Fíu Sól í heimsókn á Degi íslenskrar tungu.

Í vetur vorum við ekki með hefðbundið hópastarf heldur tókum við upp á að vera með hringekju. Í hringekjunni vorum við með ýmsa hlutverkaleiki í boði, sem og byggingu þar sem að börnin fá að kynna ýmsum tegundum af kubbum, hreyfingu og margt fleira. Listsköpun átti að vera markvisst fyrir hádegi og alltaf einn hópur í einu en það skipulag náðist ekki.



Áherslan hjá okkur að þessu sinni var **félagsfærni**, **heilbrigði**, **fjölbreytileikinn** og **sjálfsefning** og einkunnarorð skólans **gleði**, **vinsemd** og **virðing** skein í gegn um starfið hjá okkur.

### Félagsfærni:

#### Styrkleikar

- Mikil áhersla var og er lögð á jákvæð samskipti, vinafærni, hjálpssemi og vera til staðar í leik barnanna og geta gripið inn í þegar við á. Einnig lögðum við mikla áherslu á að setja orð á allar athafnir daglegs lífs. Að hluta til er þessum þætti lokið, en við verðum að gera betur varðandi að efla samskipti inni í leik barnanna og hjálpa þeim að þróa leikinn og leiða hann áfram. Það er ekki nóg að vera til staðar og eiga lítil sem engin samskipti.

#### Tækifæri til umbóta:


- Við viljum gera betur í að vera meira til staðar í leik barnanna inni sem úti og geta gripið inn í og leitt þau áfram í þá átt að eiga jákvæð samskipti sín á milli, einnig að þróa leikinn og leiða hann áfram.

## Félagsfærni, sjálfsefning og læsi

### Myndrænt skipulag

### Styrkleikar

- Upp er komið gott sjónrænt skipulag, bæði hvað varðar daglegt skipulag, í hvað á að klæðast í fyrir útivistina, eins hverju er best að fara fyrst úr þegar ég inn er komið. Hver er umsjónarmaður í dag og hver verður á morgun og hver var í gær. Þetta hefur dregið úr öllu ósætti um það að halda að röðin komi aldrei að sér. Einnig hefur gengið vel að vinna með aukahlutverkin sem að við bættum inn í starfið hjá okkur en þau eru brústastjóri, bókastjóri, fataherbergisstjóri, hvíldarstjóri, ávaxtastjóri og veðurfræðingur. Myndir varðandi tilfinningar hanga uppi og við erum dugleg að fara og skoða þær. Eins eru börnn farin að eiga auðveldara með að tjá tilfinningar sínar.



### Tækifæri til umbóta

- Við verðum að gera betur varðandi sjónræna **dagskipulagið** þá á ég við, að finna stund þar sem best er að setja það upp og fara yfir daginn með börnunum, sem og hver á að gera hvað. Þetta byrjaði vel en það þarf að virkja alla starfsmenn að setja upp sjónræna skipulagið.

### Sjálfsfelling:

### Styrkleikar:

- Mikil áhersla er lögð á sjálfsfellingu og börnin hvött til að gera sem mest sjálf og aðstoða hvert annað. Við gefum okkur góðan tíma í verkið svo að það verði árangursríkara. Vel gekk að innleiða það að börnin gangi frá eftir matinn og allir starfsmenn meðvitaðir um það. Börnin voru fljót að tileinka sér það.

### Tækifæri til umbóta:

- Enn hefur ekki náðist að allir starfsmenn vinni með það að hvetja þau til að skammta sér matinn sjálf á diskinn, sem og að smyrja og velja sér álegg sjálf. Einnig þarf að huga að því að börnin gefi sér meiri tíma til að matast ekki rjúka of fljótt upp og henda öllu og ganga frá.



### Samverustund

### Styrkleikar:

- Samverustundir hafa alltaf gengið mjög vel hjá okkur í gegn um árin og við getað verið stolt af þeim. Þegar best lét þá vorum við með fjórskipta samveru stund þ.e. fimm til sex nemendur í hóp en einhverra hluta vegna á þessu skólaári þá er eitthvað sem að er ekki að virka hjá okkur og lítið hefur verið um samverustundir á morgnana.

### Tækifæri til umbóta

- Að allir starfsmenn tileinki sér það að vera með samverustund og undirbúi sig fyrir hana í samráði við deildarstjóra eftir því hvað hentar hverjum og einum.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagssæni	Að starfsmenn taki meiri þátt í leik barna jafnt úti sem inni. Og aukin samskipti milli starfsmanna og barna verði.		Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar	Haust 2024	Vor 2025	Umræður á deildarfundum.	Að starfsmenn verði virkir í leik barnanna úti jafnt sem inni
Félagssæni/ Sjálfefling og læsi	Auðvelda börnum að átta sig á því hvað er ætlast til af þeim.	Myndrænt dagskipulag verði sett upp í samveru -stund og farið yfir daginn með þeim.	Deildarstjóri og allir starfsmenn	Haust 2024	Vor 2025	Umræða á deildarfundum.	Að börnin viti hvað ætlast er til af þeim og þau finni sig örugg í öllum stundum.
Sjálfefling, félagssæni og læsi	Styrkja sjálfstæði nemanda með því að bæta ábyrgð barna.	Hafa fleiri hlutverk sem börnin geta tekið að sér og skipts á að sinna.	Deildarstjóri og allir starfsmenn á deildinni	Ágúst 2024	Maí 2025	Umræður á deildarfundum.	Að börnunum líði vel og sýni sjálfstæði.
Sjálfefling	Að auka sjálfstæði barnanna með því að auka ábyrgð á þau í matmálstímum.	Að börnin skammti sér sjálf á diskana og smyrji sitt brauð og setji á það álegg ef vilji er fyrir því í.	Deildarstjóri og allir starfsmenn.	Ágúst 2024	Maí 2025	Umræður á deildarfundum.	Að allir starfsmenn veiti börnum tækifæri á að skammta sér matinn sjálf sem og að smyrja brauðið sitt sjálf. Og að þau séu hvött til að nærast ekki skammta og henda.
Samverustund	Að allir starfsmenn tileinki sér að vera með samverustund.	Að starfsmenn finni til öryggis og fái aðstoð við undirbúa sig við uppbyggingu samverustundar.	Deildarstjóri og allir starfsmenn.	Haust 2024	Vor 2025	Umræður á deildarfundum	Að allir starfsmenn geti tekið samverustund.

#### 4.4 Innra mat á Huldusteini:

Í vetur voru 17 skemmtileg en kröfuhörð börn á Huldusteini, öll fædd árið 2018 og eru því öll að fara í skóla í haust. Barnahópurinn í

vetur hefur verið ansi fjörugur og kraftmikill en jafnframt skemmtilegur og duglegur. Þau hafa eflst mikið í vetur og viljum við meðal annars þakka framsögninni sem við erum með á mánudögum þar sem börnin tjá sig fyrir framan hópinn um hvað sem þeim liggur á hjarta. Einnig því að við tókum upp á að fjölga hlutverkum fyrir börnin á deildinni. Við erum með tvo þjóna á dag sem sjá um að sækja matinn og leggja á borð, tvo fataklefastjóra á dag sem sjá um að finna út úr því hvernig á að klæða sig í útiveru og setja sjónrænt fram í fataklefa, að allir krakkarnir komi inn, raði skótauvi, hengi upp fötin sín og sópa gólfið, einnig tvo vinastjóra sem sjá um að allir hafi einhvern til að leika við, hjálpa þeim sem þurfa og séu góðir við hvern annan. Öll þessi hlutverk eru sjálfsefandi, efla leiðtogahæfileika og samvinnu.

#### **Félagsfærni / gildin 3: Gleði, virðing og vinsemd:**

Á haustin byrjum við alltaf á að vinna með vináttuna og höldum því áfram allan veturinn til að efla félagsþroskann og sjálfstæðið. Við notum orð eins og hjálpsemi, taka ábyrgð, tillitssemi og þolinmæði, einnig tölum við um einelti. Við vinnum með Hjálpfús sem er verkefni frá Rauða krossinum, lesum bækur, segjum sögur og syngjum.

- **Styrkleikar:** Þó svo að börnin séu fjörug þá er gaman að sjá hvað þau eru öll góðir vinir og sýna mikla samkennd. Við finnum líka hvað þau eru orðin sjálfstæðari og öruggari eins og sýnir sig vel í framsögn og að koma fram t.d. að syngja.
- **Tækifæri til umbóta:** Að leggja ríkari áherslu á að þau sýni hvert öðru þolinmæði og tillitssemi t.d. við að hlusta á hvort annað. Þannig að öll börnin fái sömu tækifæri til að tjá sig og að það sé hlustað á þau hvort sem er af öðrum börnum eða fullorðnum. Nota hvert tækifæri til að spjalla við hvert barn til að æfa þau í að koma orðum og skoðunum sínum í ljós.

#### **Tónlist:**

Eins og alltaf þá erum við mjög dugleg að syngja allan veturinn, hvort sem er inni á deild eða í sameiginlegum söngstundum. Einnig erum við í samstarfi við Tónskóla Sigursveins þar sem við förum í heimsókn, æfum nokkur lög, að þessu sinni voru það lög eftir Spilverk þjóðanna og Stuðmenn, sem börnin flytja síðan á Barnamenningarhátíð í Eldborgarsal í Hörpu ásamt fjöldanum öllum af börnum úr öðrum leikskólum. Einnig sungu börnin nokkur lög á útskriftarhátíðinni sinni fyrir foreldra og á sumarhátíðinni. Við dönsum líka töluvert með ýmiskonar tónlist og förum í leiki.

- **Styrkleikar:** Við erum dugleg að syngja og sprella með börnunum og þau eru dugleg að læra texta og tileinka sér hreyfingar ef við á. Einnig að æfa þau í að koma fram fyrir aðra. Allt þetta eykur sjálfstæði og öryggi barnanna.
- **Tækifæri til umbóta:** Við höfum ekki verið dugleg að nýta tónlist og myndlist saman né að nota hljóðfæri með söng eða spila frjálst. Við viljum gera betur og ætlum því að vinna áfram með þetta.

### **Hugarfrelsi/núvitund:**

Við höfum verið að vinna með hugarfrelsið aðallega í samverustundum og þegar við erum að bíða t.d. eftir matnum, þá gerum við ýmsar öndunar- og munnæfingar ásamt því að slaka á og hugsa um eitthvað fallett. Við höfum einnig verið með hugarfrelsis spjöldin þar sem þjónarnir draga spjald þar sem stendur eitthvað fallett og uppbyggilegt inn í daginn.

- **Styrkleikar:** Við finnum hvað börnin slaka á þegar við gerum þessar æfingar og sjáum hvað þeim líður vel, þetta eykur vellíðan þeirra og þau styrkjast.
- **Tækifæri til umbóta:** Við viljum gera betur og hafa markvissar æfingar þar sem við erum með börnin í litlum hópum ca. 4-5 í einu og ætlum því að vinna með þetta áfram næsta vetur.

### **Útinám/umhverfislæsi:**

Við erum mjög dugleg að fara út að leika í hvernig veðri sem er, enda hópurinn kraftmikill og þarf mikla útrás. Við erum í samstarfi við Fossvogsskóla, íþróttaskóla Víkings og Borgarbókasafnið og við förum í þessar heimsóknir mjög reglulega ásamt fleiri skipulögðum ferðum. Við förum ýmist með strætó eða fótgangandi og skoðum þá umhverfið í kringum okkur eins og breytingar í náttúrunni, lesum götuheiti og tölustafi á húsum svo eitthvað sé nefnt. Við förum einnig oft í útinám í okkar frábæra umhverfi sem er allur Fossvogsdalurinn, einnig heimsækjum við aðra leikskóla og leikum þar úti í garði.

- **Styrkleikar:** Börnin verða öruggari í sínu nánasta umhverfi þegar þau þekkja það og það er góður undirbúningur fyrir grunnskólagönguna. Útinám og útileikir auka úthald og þol, mikla samkennd og tillitssemi í garð hvers annars.
- **Tækifæri til umbóta:** Við höfum gert margt skemmtilegt og fróðlegt í vetur í útináminu en viljum samt hafa það markvissara og þess vegna ætlum við að halda áfram að vinna með útinámið næsta vetur.

### **Áhorfandi og þátttakendur í leik barnanna:**

Að sá fullorðni sé þátttakandi í leik barnanna kemur í veg fyrir t.d. einelti og við eigum betur með að fylgjast með þroska þeirra. Þau verða þá líka vanari að hafa fullorðna í kringum sig þótt svo þeir séu ekki alltaf að skipta sér af þeim eða beint í leiknum og lenda því síður í útistöðum og stríðni/einelti.

- **Styrkleikar:** Börnin vilja gjarnan h eirafa okkur með í leik og finnst yfirleitt gott að hafa okkur nálægt. Þetta eflir óöruggu börnin og heldur aftur af þeim sem sýna óæskilega og stjórnsama hegðun við aðra en jafnframt styrkjum við þau í æskilegri hegðun.
- **Tækifæri til umbóta:** Við höfum verið dugleg að taka þátt og vera til taks í leik barnanna og teljum að það sé komið til að vera. Þess vegna ætlum við ekki að hafa þetta í umbótaáætluninni næsta vetur.

### **Að öll börnin hafi hlutverk og stjórna:**

Við höfum í mörg ár haft einn þjón á dag á deildinni, börnunum fannst mjög langt þar til það kom að þeim aftur að hafa þetta merkilega hlutverk þannig að í vetur þá breyttum við til og höfðum tvo þjóna. Þeir sjá um að sækja matinn og leggja á borð. Einnig bættum við um betur með hlutverkin og höfum tvo fataklefastjóra á dag sem sjá þá um í hvernig fötum við eigum að fara út þann daginn, að börnin gangi frá fötunum sínum, raði skónum og sópi fataklefann. Einnig bættum við tveimur vinastjórum á dag sem passa upp á að allir séu vinir og glaðir, og ef einhver meiðir sig eða er í vanda að hjálpa honum eða kalla á kennara. Öll þessi hlutverk hafa gengið mjög vel og börnin taka þeim alvarlega en hlakka til að takast á við þau.

- **Styrkleikar:** Að gefa öllum börnunum tækifæri til að takast á við mismunandi hlutverk og að vera leiðtogar, það eflir sjálfstæði og öryggi þeirra.
- **Tækifæri til umbóta:** Þessi nýju hlutverk sem við erum komin með fyrir börnin hafa reynst vel og börnin jafnt sem við starfsfólkið erum mjög ánægð með þetta fyrirkomulag, þetta er því komið til að vera og þess vegna ætlum við ekki að hafa þetta í umbótaráætluninni næsta vetur.



Umbótaþættir Huldusteinn Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Barnasáttmáli	Að börnin viti réttindi sín.	Með því að kynna þeim þau. Að eiga heimili, vera jöfn en ekki eins, vernd og öryggi og tjáning.	Sept 2024 – maí 2025	Allt starfsfólk Huldusteins	Spjalla saman með börnunum í samveru og starfsfólki á deildarf.
Tónlist	Að nota tónlistina meira heldur en við höfum gert eins og t.d. mála, syngja, dansa og nota hljóðfæri.	Með því að kynna fyrir þeim ýmis konar tónlist og hvernig er hægt að nota hana á margvíslegan hátt.	Sept 2024 – maí 2025	Allt starfsfólk Huldusteins	Spjalla saman og meta á deildarfundu m hvernig gengur.	Tónlist er notuð við ýmiskonar tækifæri og börnin eru ánægð í listinni.
	Lífsleikni	Að blanda andlegri og líkamlegri vellíðan saman, einnig að vinna með styrkleikana.	Gera ýmis konar æfingar sem auka vellíðan barnanna og hugarfrelsis- Spjöldin.	Sept 2024 – maí 2025	Allt starfsfólk Huldusteins	Ræða á deildarfundu m hvernig gengur. Líka spyrja börnin hvernig þeim líður.
Útinám/ umhverfislæsi	Að fara í markvissar útinámsferðir og að efla börnin í umhverfislæsi í	Að vekja athygli barnanna á læsi í umhverfinu hvort sem er	Sept.2024- maí 2025	Allir starfsmenn Huldusteins	Starfsmenn nota deildarfundu til að spjalla um hvernig gengur og	Börnin eru örugg og læs á umhverfi sitt. Einnig þekka náttúruna

	leiðinni. Eykur einnig orðaforða.	stafir eða tölustafir einnig breytingum í náttúrunni eins og mismundand i tegundum trjáa og fugla.			einnig koma börnin að matinu.	vel, virða hana og njóta hennar.
--	-----------------------------------	--	--	--	-------------------------------	----------------------------------

Félagsfærni Gildin 3, gleði, virðing og vinsemd	Að gera börnin að sterkum og sjálfstæðum einstaklingum, læra að taka tillit til annarra, vera þolinmóð og góðir vinir.	Sept 2024 – maí 2025	Allt starfsfólk Huldusteins	Ræða á deildarfundum hvernig gengur. Líka spyrja börnin hvernig þeim líður.	Börnunum líður vel í eigin skinni, eru örugg bæði andlega og líkamlega og taka þar af leiðandi tillit til annarra. Því ef maður er öruggur með sjálfan sig þá kemur maður betur fram við aðra.
---	--	----------------------	-----------------------------	---	--

## 4.5 Innra mat Skógarlunda

Haustið 2023 byrjuðu 21 barn á Skógarlundi. Í október 2023 fluttist eitt barn erlendis og í janúar 2024 fór annað barn í annan leikskóla. Eftir áramót voru því 19 börn á Skógarlundi.

Haustið hófst á algjörrri starfsmannabreytingu þar sem nýr deildarstjóri hóf störf eftir sumarfrí og síðan bættust við tveir nýliðar til viðbótar í ágúst og september. En ekkert þeirra hafði unnið á leikskóla áður. Þau fengu þó með sér leikskólakennara í hálfu starfi inn á deildina líka. Haustið var því krefjandi fyrir bæði börn og starfsfólk þar sem allir reyndu að finna sér sess innan deildarinnar og átta sig á sínu hlutverki og annarra.

Fenginn var hegðunarráðgjafi til að fylgjast með deildinni í lok árs 2023 og gefa deildarstjóra ráð til að bæta starf og skipulag inni á deild. Ráðgjöfin hélt áfram inn í 2024 og fram á vor og varð til þess að starfið og andrúmsloftið á deildinni breyttist til hins betra. Sjónrænt skipulag varð allsráðandi inni á Skógarlundi, skipulagðar samverustundir voru með börnum á morgnana þar sem farið var yfir dagskipulagið, hvert barn á sinn stað í samveru og skýr rammi er nú um hlutverk kennara og nemenda. Deildarstjóri og ráðgjafi unnu saman og þróuðu starfið áfram og vorið 2024 var deildin orðin allt önnur. Börnunum leið betur, samskipti barnanna gengu mun betur og deildarstarfið sömuleiðis.

Umbótaáætlun síðasta vetrar var unnin af öðrum deildarstjóra og nýr deildarstjóri lagði ekki markvissa áherslu á þær umbætur enda beindist athyglin mest að því að koma jafnvægi á deildina og finna taktinn innan hennar fyrir jafnt starfsfólk sem nemendur.

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lo kið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
Samverust undir	Að samverustu ndirnar séu markvissari og að starfsfólk deildarinnar sé betur undirbúið til að taka að sér slíkar stundir. <i>Fjölbreyttar stundir yfir daginn? Söngstund, lestrarstund , leikjastund?</i>	Deildarstj óri setur niður skipulag/ vaktir ásamt uppskrift um fyrir ólíkar samverus tundir sem starfsfólk fer eftir.	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagning u og útfærslu. Starfsfólk ber jafna ábyrgð á að fylgja því eftir.	Ágúst 2024	Jún í 20 25	Samtöl á deildarfundu m hvernig gengur með samverustun dirnar. Sjálfsmat starfsfólks á samverustun dum. Reglulega endurmeta hvort einhverju þarf að breyta og vera opin fyrir því.	Að starfsfólkið öðlist sjálfstraust í að sinna gæða samverust undum þar sem börnin taka þátt, hlusta og hafa gaman af.
Deildarfun dir	Koma á reglulegum deildarfund um. Lágmark 2x í mánuði.	Unnið í samstarfi við Birkilund og Grenilund . Festum jafnvel niður dagsetnin gar eða tíma fyrir fundina. Útbúa plan fram í tímann fyrir slíkt. Kannski hægt að vera með flæði í gangi milli deilda á þeim tímum.	Deildarstjór ar bera ábyrgð á skipulagning u funda, setja upp dagskrá fyrir hvern fund og skipa hlutverk innan starfsmanna hópsins (ritari, tímavörður osfrv.) – deila ábyrgðinni. Fara yfir verkefni hvers og eins þann mánuð.	Septe mber 2024	Jún í 20 25	Skipa ritara fyrir hvern deildarfund þar sem fram kemur dagsetning og hverjir eru mættir. Telja fundina í lok skóláars.	Fundir séu haldnir á þeim tímum sem þeir voru skipulagðir eða fundnir aðrir tímar ef einhver fundur dettur út.



Faglegt starf	Markvissara faglegt starf þar sem unnið er með íslensku, stærðfræði, Lubba, hreyfingu, útinám o.s.frv.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar skipuleggur námsstundir sem hluta af vikulegu skipulagi. Útbýr jafnvel kennsluáætlun fyrir áramót og aðra eftir áramót.	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagningu í sameiningu við starfsfólk deildarinnar og saman sjá þau um að framkvæma áætlunina.	Septembar 2024	Jún í 2025	Farið verður yfir á deildarfundum stöðuna á þessum námsstundum, hvað gengur vel og hvað má betur fara. Breytingar gerðar o.s.frv.	Kannanir gerðar á þekkingu barna á bókstöfum, tölum, stöðluð próf notuð. Markmiðið að nemendur fái markvissa kennslu í ólíkum greinum.
Lýðræði, jafnrétti og þáttaka barna	Að börnin fái jöfn tækifæri til að hafa áhrif á skipulag leikskólans	Leitum eftir hugmyndum um barna, útfærum og framkvæmum þær. Hlustum á börnin, ræðum við þau og virðum sjónarmið þeirra. T.d. með „barn vikunnar“.	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagningu og útfærslu. Starfsfólk ber jafna ábyrgð á að fylgja því eftir.	Septembar 2024	Jún í 2025	Söfnum gögnum, skráum niður í hverri viku „barn vikunnar“. Hægt að bjóða tilteknu barni að velja áfangastað fyrir útveru, hvað er boðið upp á í hringekju, rjóðri o.s.frv. <i>Viðtöl við börnin, könnun til foreldra?</i>	Að börnunum finnst þau geta haft áhrif á starfið og að hlustað sé á þeirra sjónarmið. Þau uni sér betur í leik og starfi sem þau hafa átt þátt í að móta.
Flæði	Gefa flæði meiri tíma og rými innan dagskipulagsins.	Rýmikum dagskipulagið og setjum inn reglulegar stundir fyrir flæði	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagningu og að koma því á fót og annað starfsfólk deildarinnar	Október 2024	Jún í 2025	Hægt að gera athuganir/skráningar á leik barna, dýpt leiksins o.s.frv. Samtöl við starfsfólk	Að flæði verði daglegur þáttur í starfi leikskólans. Að börnin uni sér í





		<i>(kannski ekki í anda flæðis að skipuleggja slíkt),</i> prófa okkur áfram með flæði í matartím a.	sér um að fylgja því eftir í samvinnu við deildarstjóra .			deildarinnar hvernig flæðið gengur og kalla eftir þeirra skoðunum og hugmyndum. Spyrja börnin út í flæðisstundir , hvernig það gengur og kalla eftir þeirra skoðunum og hugmyndum.	leik innan sem utan deildarinnar.
--	--	---	---	--	--	--	-----------------------------------





## 5 Innra mat sérkennslu

Sérkennslan var skipulögð með það í huga hvað væri börnunum fyrir bestu. Hugmyndafræðin menntun án aðgreiningar var höfð að leiðarljósi með það í huga að mæta þörfum barna sem þurfa á auknum stuðning að halda. Þetta var gert í eins eðlilegum aðstæðum og hægt var í öllu daglegu starfi. Stuðningur var einnig aukinn á börn í einhverjum tilfellum.

Gott samstarf var við Norðurmiðstöð og ráðgjafana þar, upp á að fá ráðgjöf, upplýsingar, fræðslu og einnig þjálfun fyrir börn, starfsfólk og foreldra. Samskipti voru mikil við hegðunarráðgjafa, sérkennsluráðgjafa, talmeinafræðinga og sálfræðinga. Einstaklingsstundir barnanna voru skipulagðar í samráði við ráðgjafa á Norðurmiðstöð með fyrir fram ákveðnum markmiðum og leiðum, það sem unnið var með var síðan yfirfært inn á deildar eða í aðrar stundir daglegs starfs. Áhersla var á að hafa sérkennsluna sýnilegri fyrir starfsfólkið, börnin og foreldrana. Deildarfundir eiga að vera vettvangur fyrir sérkennara að segja frá því sem þeir eru að vinna með tengt börnum sem njóta sérkennslu.

Nýtt fjármagnslíkan var tekið í notkun 1. janúar 2024 sem þurfti að aðlagja sérkennslunni, en það hefur ekki tekist að innleiða það að fullu. Stefna er tekin á að ná að innleiða það að fullu haustið 2024. Markmiðið er að sérkennari fái stundatöflu og fylgi henni eftir í gegnum dagana, farið er þá á milli deilda eftir þörfum og þörfum barnanna.

### Mat á sérkennslu 2023-2024

<p><b>Skipulagning sérkennslu</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Einstaklingsnámskrá var gerð fyrir þau börn sem féllu undir íhlutun sérkennslunnar, þær voru settar upp út frá AEPS listum.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>EFI-2, Hljóm-2, AEPS, Orðaskil.</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b> Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Unnið var mikið með lestur bóka, ýmiss konar málörvunarspil, félagsfærnisögur, félagsfærnispilið, Hljóm-2 verkefni, fínhyringarverkefni, ýmiss konar kubba og leikföng.</p>





## Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Deild/aldur barna	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(s.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Dagskipulag sérkennara Yfirsýn á deildum
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að öll börn sem þurfi á snemmtækri íhlutun að halda fái hana. Hafa meiri yfirsýn yfir það hvaða börn fara á milli deilda. Fá að heyra hvaða börnum deildarstjórar hafa áhyggjur af.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Útbúin stundarskrá sem sérkennari fer eftir, farið er á milli deilda eftir plani og börn tekin í málörvun, leikþjálfun, félagsfærniþjálfun, matarþjálfun eða það sem þörf þykir hverju sinni. Hafa skilafundi á milli deilda og funda með deildarstjórum 1x á önn.
<b>Ábyrgð</b>	Sérkennslustjórar
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	September 2024 – alltaf September 2024 – júní 2025
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Sérkennslustjórar funda með sérkennara, í byrjun eftir þörfum og síðan á tveggja vikna fresti.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Framfarir hjá barni eru metnar í samráði við sérkennara og deildarstjóra. Hægt að styðjast við EFI-2 málþroskamat í sambandi við málþroska, AEPS listann er hægt að nýta eftir því sem við á.







## 6 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Við höfum nýtt fjármagnið og verið með verkefnastjóra til þess að halda utan um verkefnið sem tengist börnum með fjölbreyttan menningar og tungumálabakgrunn.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Samkvæmt læsisstefnu leikskólans er unnið markvisst með daglegan orðaforða. Margar deildir vinna með Gefðu tíu
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Unnið hefur verið með að leggja inn ríkulegan orðaforða á ýmsa vegu.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hæfniramar eru notaðir til til þess að fylgjast með framförum barna með annað móðurmál en íslensku. Önnur helstu matstæki sem við notum eru: HLJÓM 2, Orðaskil, TRAS – skráningar, málþroskamatið EFI 2 – sem er málþroskaskimun fyrir börn á 4. ári, eftir því sem við á hverju sinni.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er unnið með þessa þætti í leikskólanum. Skólinn á læsisstefnu sem tekur til allra þessara þátta. Komið er að endurskoðun læsisstefnunnar. Kynna þarf læsisstefnu betur fyrir nýju starfsfólki.





## Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

Deild/aldur barna	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Í vetur hefur verkefnastjóri fjölmeningar verið leyfi og verður áfram næsta vetur. Mikilvægt er að finna starfsmann til þess að leysa viðkomandi af og taka að sér starf verkefnastjóra tímabundið.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Við stefnum á að vera með markvissara starf með börnum sem eru með fjölbreyttan tugumála og menningarbakgrunn.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Auglýsa eftir verkefnastjóra
<b>Ábyrgð</b>	Stjórnendur
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Ágúst -September
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Leikskólastjórnendur leggja áherslu á að ráða í stöðu verkefnastjóra (tímabundið) og aðstoða viðkomandi að komast inn í starfið. Rýnihópur (stjórnendateymi) ræðir og leggur mat á árangur um áramót 2024/2025 og vor 2025.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Verkefnastjóri fjölmeningar sér til þess að hæfnirammur séu fylltir út og þannig fylgst með framförum barna með íslensku sem annað tungumál. Hann sér einnig til þess ásamt deildarstjórum og öðru starfsfólki, að börnin fái viðeigandi kennslu og námstækifæri og sinnir ráðgjöf við starfsfólk og foreldra eftir þörfum.





## 7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru tekin í mars. Markmið þeirra er að kanna líðan starfsfólks og þörf fyrir starfsþróun, auk þess að ganga frá sumarorlofi.

Til þess að gera viðtölin markviss áttu starfsmenn að vera undirbúnir fyrir viðtalið og fengu spurningar til þess að hjálpa við undirbúninginn. Við vorum með nýja spurningu á undirbúningsblaðinu: *Hvers vegna hefurðu valið þér að starfa í leikskóla/Furuskógi?* Það voru mjög áhugaverð og skemmtileg svör sem við fengum í viðtölunum.

Fræðsla starfsfólks fer aðallega fram á skipulagsdögum. Síðast liðið starfsár fengum við eftirfarandi fræðslu:

Heiti námskeiðs/fyrirlesara	Þátttakendur	Tími
Tengsla reikningur. Lilja Ýr Halldórsdóttir hegðunarráðgjafi Norðurmiðstöð	Allt starfsfólk	Ágúst 2023
Vellíðan og bætt heilsa á vinnustað. Gunnhildur Gísladóttir iðjuþjálfari og vinnuverndarsérfræðingur	Allt starfsfólk	Nóvember 2023
Hugarfrelsi kynning og upprifjun. Hrafnhildur Sigurðardóttir	Allt starfsfólk	
Nýliðafræðsla Torgið	Starfsfólk í Furuskógi v/Áland	Janúar 2024
Samverustundir	Starfsfólk í Furuskógi v/Áland	Janúar 2024
Gæðamálörvun í daglegu starfi	Starfsfólk í Furuskógi v/Áland	Janúar 2024
Aðalnámskrá og Menntastefna Miðja máls og læsis Þóra Sæunn Úlfisdóttir og Emilía Rafnsdóttir .	Starfsfólk Furuskógar v/Áland	Janúar 2024
Aðalnámskrá og breytir kaflar Aðalnámskrár. Kristín Hildur Ólafsdóttir	Starfsfólk Furuskógi v/Áland	Apríl 2024
Núvitundarnámskeið/Heimsókn í leikskólann Ösp og Leikur að læra námskeið		





Menntastefnumót - stafræn fræðsla og kynningar á starfi leikskóla í hverfinu	Allt starfsfólk	Apríl 2024
Lærdómssamfélag sérkennslustjóra	Starfsfólk Furuskógar	Maí 2024
PMTO (Jákvæð agastjórnun) Grunnmenntun/ Arndís Þorsteinsdóttir sálfræðingur	Allt starfsfólk	Sept-maí 2023/2024
Kynferðisofbeldi og kynferðislegun hegðun barna og unglunga.	Allt starfsfólk	Maí/júní 2024
Lærdómssamfélag leikskólastjóra	Sérkennslustjórar	Sept-maí 2023/2024
Próunarverkefni undirbúningstíma leikskólakennara	Tveir deildarstjórar	Sept-júní 2023/2024
	Leikskólastjórar í Reykjavík og fagskrifstofa SFS	Jan-maí 2024
	Tveir leikskólakennarar	





## 8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfið gekk ágætlega, en þó vantaði upp á upplýsingaflæði á milli stofnana. Samstarfið gengur út á heimsóknir á milli staða/skólastiga. Leiðin til þess að styrkja samstarfið er að vinna sameiginlegt verkefni og er það draumur leikskólastjóra.

Útskrift elstu barnanna fór fram í sal Fossvogsskóla í fyrsta skipti. Það var tekið vel á móti okkur og almenn ánægja með staðarvalið.

### Áætlun samstarfsins starfsárið 2023-2024:

- 18. október - Nemendur úr Fossvogsskóla fara í heimsókn í gamla leikskólann sinn.
- Nóvember - Nemendur úr Furuskógi heimsækja Fossvogsskóla og labba um húsnæðið og enda heimsóknina í Neðstalandi. Aðstoðarskólastjóri Fossvogsskóla tekur á móti hópnunum.
- 16. nóvember - Nemendur úr 7. bekk í Fossvogsskóla heimsækja leikskólana og lesa bækur fyrir alla nemendur á Kvistaborg og Furuskógi. Tímasetning ákveðin þegar nær dregur. (Dagur íslenskrar tungu)
- 11.-15. desember - Fossvogsskóli býður nemendum úr leikskólanum á battójól.
- Febrúar - Nemendur úr 7. bekk í Fossvogsskóla heimsækja leikskólana og lesa bækur fyrir alla nemendur í Kvistaborg og Furuskógi, æfing fyrir Stóru upplestrarkeppnina.
- 20. mars - Nemendur úr Furuskógi koma í heimsókn í Fossvogsskóla í kennslustund hjá 1. bekk, borða morgunesti með 1. bekk og fara í frímínútur. Eftir frímínútur fara þau í heimsókn í Neðstaland. Heimsóknin hefst klukkan 9 í Fossvogsskóla, nestistími hefst klukkan 9:30, frímínútur eru milli 9:50 og 10:10. 21. mars koma nemendur úr Kvistaborg í heimsókn í Fossvogsskóla í kennslustund hjá 1. bekk borða morgunesti með 1. bekk og fara í frímínútur. Eftir frímínútur fara þau í heimsókn í Neðstaland. Heimsóknin hefst klukkan 9 í Fossvogsskóla, nestistími hefst klukkan 9:30, frímínútur eru milli 9:50 og 10:10.
- Apríl - Nemendur úr Kvistaborg og Furuskógi koma í íþróttir í Fossvogsskóla.





## 9 Foreldrasamvinna

Í Furuskógi er starfandi foreldraráð og foreldrafélag. Aðkoma foreldra að leikskólastarfinu hefur jákvæð áhrif á nám og vellíðan barna í leikskólanum. Foreldrar eru hvattir til þess að koma á framfæri sínum hugmyndum um leikskólastarfið. Foreldraviðtöl eru tvö á ári, það fyrra á haustönn og það seinna á vorönn. Markmið þeirra er að vinna sameiginlega að námi og vellíðan barnanna í Furuskógi. Fulltrúar í foreldrafélagi skipulögðu sveitaferð sem farin var í vor. Ferðin var mjög skemmtileg og góður vettvangur til þess að kynnast og eiga góða stund saman.

Foreldraráð hefur það hlutverk að fylgjast með að starfað sé samkvæmt skólanámskrá og öðrum áætlunum innan leikskólans. Fulltrúar foreldra í foreldraráði hafa einnig umsagnarrétt um meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

## 10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

### Skipulagsdagar skólaárið 2024-2025:

26.08.2024

07.10.2024

22.11.2024

06.02.2025

24.03.2025

20.05.2025





## 11 Fylgiskjöl

### 11.1 Umsögn foreldraráðs

#### Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning

